

Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Athugasemd við vinnslutillögu rammaskipulags – Kársnes Þróunarsvæði, nr. 580/2024

Reitur 11, Bakkabraut 6:

Vinnslutillagan gerir ráð fyrir auknu byggingarmagni og hækkun húss við Bakkabraut 6. Nýjar byggingar á reit 13 þar sem HSSK er nú til húsa munu skerða sjónlínu og útsýni íbúa fyrir ofan reitinn og það er því alls ekki ásættanlegt að byggja enn meira fyrir neðan Hafnarbrautina. Að auki er gert ráð fyrir Borgarlínu og því mikilvægt að takmarka frekari framkvæmdir þar sem að um lítið og viðkvæmt svæði er að ræða. Tryggja verður að aðgengi að og útsýni yfir Kópavogshöfn varðveitist og að íbúar Kársness sem og aðrir geti notið útivistar á þessu fallega svæði á öruggan og ábyrgan hátt.

Sólveig Halldórsdóttir
formaður Húsfélags Hafnarbrautar 9

Höfundur: Sólveig Halldórsdóttir/sola.ice@gmail.com

Sent inn þann: 21.02.2025, **Fyrir hönd:**